



| | |
|----------------------|--|
| Dagsetning: | 29. nóvember 2010 Kl. 20:00 |
| Fundarstaður | Golfskáli GKG, v/ Vífilstaðaveg, Garðabæ. |
| Fundarstjóri | Stefán Konráðsson |
| Stjórnarmenn: | Guðmundur Oddsson, Jón Snorri Snorrason, Kristinn Jörundsson, Bergþóra Sigmundsdóttir, Símon Kristjánsson, Áslaug Sigurðardóttir, Gunnar Jónsson, Gunnar Páll Þórisson, Heimir Guðjónsson og Jónína Pálsdóttir. Áslaug Sigurðardóttir var fjarverandi |
| Fundarritari: | Símon Kristjánsson |

1. Fundarstjóri og fundarritari kosnir.

- Formaður setti fundinn formlega og bauð félagsmenn velkomna. Að því búnu stakk hann upp á Stefáni Konráðssyni sem fundarstjóra. Var það samþykkt samhljóða. Fundarritari aðalfundar var síðan skipaður Símon Kristjánsson. Fundarstjóri kannaði því næst lögmeiti fundarins og úrskurðaði að löglega hefði verið til hans boðað.
- Fundarstjóri fékk heimild fundarins til að taka umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sameiginlega undir 3. lið.

2. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu starfsári.

- Guðmundur Oddsson formaður byrjaði á því að þakka þeim sem mættir voru á aðalfundinn, en um 60 félagar sátu aðalfundinn að þessu sinni. Því næst fór formaður yfir skýrslu stjórnar og bar þar hæst:
 - Haldnir voru 10 bókaðir stjórnarfundir á starfsárinu.
 - Formaður Stiklaði á stóru og taldi að árið 2010 væri gott ár fyrir GKG rekstrarlega og golflega. Þakkaði öllum sem komu að ársskýrslunni. Þrír nýir starfsmenn tóku til starfa á árinu. Guðrún Helgadóttir á skrifstofu, Hafsteinn Eyvindsson vélamaður, Sigurður Ingason veitingarekstur. Sveinn aðstoðarvallarstjóri sagði upp störfum og búið er að ráða nýja aðstoðarvallarstjóra Eirík Garðar Jónasson sem kemur frá Húsavík. Félagafjöldi er komin í 1730 og eru 100 á biðlista núna. Stefnan að félagafjöldi fari ekki yfir 1800. Félagsgjöld eru 60% af tekjum GKG og er tillaga um að hafa þau óbreitt á næsta ári og taka upp inntökugjöld 15.000-kr. á nýja féлага á aldrinum 20 – 66 ára. Reksturinn hafi skilaði 23 m.kr. hagnaði og tekist hefði að greiða niður skuldir um 30 m.kr.
 - Formaður fór yfir samskipti við sveitarfélögin og hafa verið nokkrir óformlegir fundir á árinu sem hafa verið góðir og málin þokast áfram. Rætt hefur verið um að stækka aðstöðuna í Kórnum en ekki komið svar ennþá. Einnig hefur verið rætt við Garðabæ um aukið landsvæði fyrir æfingaaðstöðu í Vetrarmýri. Það er búið að kynna áætlun um malbikun stíga fyrir sveitarfélögunum og óskað eftir styrkjum við þessa framkvæmt og stefnan að ljúka þessu fyrir Íslandsmótið 2014 kostnaður vegna þessa 75 m.kr. Undirbúningsnefnd vegna Íslandsmóts 2014 hefur verið stofnuð og er formaður hennar Gunnar Jónsson.
 - Formaður kynnti að á formannafundi GSÍ hafi komið fram að fjölgun félaga í golfklúbbum á Íslandi hafi verið 256 á árinu en fjölgun hjá GKG var 231 þannig að hjá örðum klúbbum fjölgaði um 25. Þetta sýnir að við erum með góðan völl og góðan klúbb. Einnig kom fram að flestir kylfingar yngri en 15 ára eru í GKG en þeir eru 255.
 - Formaður fór síðan yfir lóðaleigumál klúbbsins og benti fundarmönnum á að gert er ráð fyrir 3,7 m.kr. til hennar í fjárhagsáætlun en endanleg lausn fáist

vonandi fljótlega en erfitt að fá niðurstöðu þar sem óljóst er við hvern á að semja. GKG mun snúa sér að heilbrigðisráðuneytinu næst.

- Formaður kynnti þau miklu afrek, sem unnin voru á árinu hjá félagsmönnum. Klúbbmeistarar GKG í meistaraflokki karla og kvenna árið 2010 urðu þau Birgir Leifur Hafþórsson og Ingunn Gunnarsdóttir. Þau ásamt fleiri kylfingum úr GKG náðu mjög góðum árangri á árinu. Hæst ber þó árangur Birgis Leifs, en hann varð Íslandsmeistari bæði í högggleik og holukeppni og Sigmundur Einar varð í öðru sæti á Eimskipsmótaröðinni og þriðja sæti í högggleiknum ásamt 2. sæti á stigalista GSÍ og Guðjón Henning varð þriðji í holukeppninni. Sveit GKG varð í öðru sæti í 1. Deild kvenna í sveitakeppni GSÍ og karlasveitin varð í þriðja sæti 1. deildar. Þá má nefna öldungasveitirnar en báðar stóðu sig með miklum sóma, þar sem kvennasveitin varð í öðru sæti og ekki má gleyma frábærum árangri Maríu Guðnadóttur í hinum ýmsu mótum sumarsins. GKG er með öflugasta unglíngastarfið á landinu.
 - Formaður kynnti að vinavellir voru 4 þetta árið og voru spilaðir 2000 hringir.
 - Formaður kynnti að áfram verður unnið að lagfæringum á vellinum og stóru verkefni á næsta ári verða lagfæringar á 6 og 10 braut Leirdal og mögulega lagfæring á 4 braut Leirdal.
- Því næst þakkaði formaður meðstjórnarmönnum, öllum nefndarformönnum og nefndarmönnum fyrir samstarfið á liðnu ári. Hann þakkaði sérstaklega öllu starfsfólki, framkvæmdastjóra, vallarstjóra og kennurum fyrir ánægjulegt samstarf á árinu.

3. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykkis

- Kristinn Jörundsson gjaldkeri fór yfir reikninga klúbbsins fyrir starfsárið 2009 – 2010 og útskýrði þá. Hann gat þess að tekjuliðir hefðu hækkað og munar mest um félagsgjöldin vegna fjölgunar félagsmanna. Hagnaður klúbbsins fyrir fjármagnskostnað var kr. 26.727.439. Lækkuðu skammtímaskuldir milli ára úr 50 m.kr. í 31 m.kr.
- Fundarstjóri bar skýrslu stjórnar og ársreikninga félagsins upp til umræðna og gaf orðið laust
 - Gunnar Johnsen þakkaði góða skýrslu lýsti yfir ánægju með starfið og vonaði að nýr golfskáli myndi rísa á næstunni.
- Reikningarnir voru því næst bornir upp til atkvæða og þeir samþykktir samhljóða.

4. Fjárhagsáætlun næsta árs kynnt.

- Kristinn Jörundsson kynnti tillögu stjórnar að fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og tók fram að áætlun væri mjög hófleg. Í henni er gert ráð fyrir að heildartekjur næsta starfsárs verði nánast óbreyttar og fór svo yfir breytingar á einstökum kostnaðarliðum. Áætlunin er byggð á þeim forsendum að félagsgjöld verði óbreytt á næsta ári en reiknað með fjölgun félaga. Einnig er óvissa með launahækkanir á næsta ári. Gert var ráð fyrir að heildarkostnaður myndi hækka um tæplega 10 m.kr. á milli ára.
- Fundarstjóri bar því næst fjárhagsáætlunina upp til umræðu.
- Félagsgjöldin og inntökugjaldið var borið undir fundinn og samþykkt samhljóða

5. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn

- Kjörnefnd bar upp tillögu sína að formanni til næsta árs. Kjörnefnd kom með tillögu um Guðmund Oddsson sem formann. Fundarstjóri bar upp tillöguna auk þess sem hann spurðist fyrir um önnur framboð sem reyndust ekki vera. Fundarstjóri lét kjósa svo Guðmundur sæi hverjir væru á móti honum, engin var á móti og var Guðmundur því kjörin formaður til næsta aðalfundar.
- Því næst bar kjörnefnd fram tillögu sína að stjórnarmönnum til 2 ára. Þeir voru Bergþóra Sigmundsdóttir, Kristinn Jörundsson og Símon Kristjánsson. Fundarstjóri óskaði eftir öðrum framboðum úr sal sem reyndust ekki vera. Því næst var gengið til atkvæða um tillögu kjörnefndar og var hún samþykkt samhljóða.
- Kjörnefnd tilnefndi Heimi Guðjónsson, Jónínu Pálsdóttur og Gunnar Pál Þórisson til að sitja sem varamenn í stjórn til eins árs. Var tillagan samþykkt samhljóða.

6. Kosning tveggja endurskoðenda.

- Félagskjörnir skoðunarmenn reikninga til næsta fundar voru kosnir þeir Ólafur Nilsson og Steinar J. Lúðvíksson með lófaklappi.

7. Önnur mál.

- Nýkjörinn formaður Guðmundur Oddsson kvaddi sér hljóðs á ný og þakkaði fundarmönnum stuðninginn og traustið jafnframt því sem hann bauð nýja stjórnarmenn velkomna til starfa og þakkaði stjórnarmönnum góð störf.
- Símon Kristjánsson kynnti umhverfisstefnu GKG sem var síðan samþykkt á fundinum.
- Fundarstjóri gaf orðið því næst laust undir liðnum önnur mál.
- Ólafur E. Ólafsson svaraði flestum fyrirspurnum
 - Steinar J. Lúðvíksson Spurðist fyrir um áætlun vegna breytinga og lagfæringa á vellið fyrir Íslandamót árið 2014 og hvernig ætti að nýta þær 75 m.kr. sem væru áætlaðar í verkefnið samkvæmt skýrslu formanns.
 - Svar ÓEÓ 75 m.kr. eru eingöngu vegna malbikunar stíga. Breytingar undanfarin 2 ár og breytingar til 2014 miða allar að lagfæringum vegna Íslandamóts 2014. Skipulagi vallarins verður ekki breytt fyrr en endanleg niðurstaða er komin með framtíðar staðsetningu golfskála.
 - Ragnar Ragnarsson Vegna þess að völlurinn væri að þróast mikið spurðist Ragnar fyrir um það hvort GKG ætlaði að fá aðstoð golfvallahönnuða vegna breytinga á vellið.
 - Svar ÓEÓ Það er þegar búið að óska eftir aðstoð frá Hannesi Þorsteinssyni golfvallahönnuði við þessa vinnu. Byrjað verður á 6 og 10 braut í Leirdal.
 - Sæmundur Melstað Spurðist fyrir um niðurstöðu könnunar sem var send á félagsmenn GKG. Og vildi einnig benda á að þegar hann starfar við dómgæslu á vellið þarf oft að vísa börnum af vellið.
 - Svar ÓEÓ Kynning á könnuninni er næsta mál á dagskrá.
 - Þorgrímur Björnsson Spurðist fyrir um hvort ætti að lýsa upp æfingasvæðið svo félagsmenn gætu nýtt æfingasvæðið á veturna. Vildi einnig benda á að auka þarf eftirlit á vellið vegna barna.
 - Svar ÓEÓ Vegna óvissu með framtíðar staðsetningu æfingasvæðis verður ekki settur peningur í að setja upp lýsingu eða lagfæra það. En það mætti reyna að gera það snýrtilegra.
 - Erla Leifsdóttir Spurðist fyrir um hvað GKG ætlaði að gera varðandi áskorun GSÍ um að fjölga stúlkum í golfi. Spurðist einnig fyrir af hverju væru ekki fleiri myndir á heimasíðu GKG.
 - Svar ÓEÓ Varðandi myndir á heimasíðunni þá krassaði kerfið sem sér um myndirnar og sá einstaklingur sem sá um kerfið er fluttur erlendis. Það er búið að fá nýjan aðila til að sjá um þetta og vonandi verður þetta komið í lag fljótlega. Stúlkur og GSÍ vísaði ÓEÓ á Úlfar Jónsson sem var að vísu farinn af fundinum og mun svara þessu seinna.
 - Sigmundur Másson Spurðist fyrir um af hverju var haft samband við Hannes Þorsteinsson. Simmi var einnig með tillögu um að fjölga stúlkum í GKG ef allir þeir sem mættu á aðalfund kæmu með eina stúlku í GKG væri málið í höfn.

- Svar ÓEÓ Gummi vallarstjóri og vallarnefndin hafði mestan áhuga á að vinna með Hannesi og hann hefur góða reynslu í svona vinnu.
 - Tómas Jónsson Spurðist fyrir um hvort eitthvað væri verið að gera vegna barna sem væru að leika sér við tjörnina á 7 braut og hver ber ábyrgð á henni.
 - Svar Guðmundur Vallarstjóri svaraði þessu og upplýsti að Kópavogsbær bæri ábyrgð og væri búin að setja girðingu meðfram göngustíg við tjörnina.
 - Guðmundur Ólafsson Spurðist fyrir hvort ekki ætti að endurvekja holukeppnina hjá GKG en hann væri síðasti holukeppnismeistari GKG og væri búin að vera það í mörg ár.
 - Formaður svaraði því að það væri óljóst með holukeppnina, en taldi Guðmund Ólafsson verðugan holumeistara GKG til næstu framtíðar.
- Ólafur E. Ólafsson fór yfir gæða og þjónustukönnun sem gerð var meðal félagsmanna nú í haust. Úrtakið var 1.100 og svarhlutfall var 49,5% og skipting milli kynja, aldurs og forgjafar lýsti mjög vel samsetningu klúbbsins. Könnunin sýndi að félagsmenn leggja mesta áherslu á áframhaldandi snyrtimennsku, en þær athugasemdir, sem komu fram snéru að æfingasvæðinu og margir óskuðu eftir að bílastæði yrði stækkað. Þar sem þessi könnun var nú gerið í fjórða sinn þá var hægt að bera saman mörg svör milli ára. Kom þar fram almenn ánægja með þau störf sem unnin voru á síðasta ári og sýndi greinilega að félagsmenn eru mun jákvæðari milli ára.
 - Formaður upplýsti að bílastæðamál hefðu verið rædd við Garðabæ og vonaðist eftir lausn á þeim málum.
 - Stefán Konráðsson upplýsti sem formaður skipulagsnefndar Garðabæjar að staðsetning Vífilstaðarveggar meðfram golfvöllinum væri ekki komin á hreint hjá Vegagerð og einnig að ekki væri komið á hreint hvort hann verðu yfirleitt lagður eins og skipulag segir til um.

Ekki var fleira á dagskrá fundarins og honum því slitið klukkan 21:50